

## AUGLÝSING

### um skrá yfir störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. sem eru undanþegin verkfallsheimild.

Að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélag birtist hér skrá yfir þau störf hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. sem eru undanþegin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er sjálfstætt rekið byggðasamlag í sameign sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar. Lög um opinbera starfsmenn eiga við um starfsmenn byggðasamlagsins.

#### *Yfirstjórn:*

Slökkviliðsstjóri og staðgenglar hans:

|                       |              |
|-----------------------|--------------|
| slökkviliðsstjóri     | 1 stöðugildi |
| varaslökkviliðsstjóri | 1 stöðugildi |

#### *Varðlið:*

Fjórar vaktir (A, B, C, D) til mönnunar fjögurra stöðva. Hverja vakt skipa:

|                                     |               |
|-------------------------------------|---------------|
| varðstjórar                         | 3 stöðugildi  |
| innimaður kallmerki 70              | 1 stöðugildi  |
| slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn | 19 stöðugildi |

#### *Verkstæði og lager:*

|                              |              |
|------------------------------|--------------|
| deildarstjóri verkstæðis     | 1 stöðugildi |
| deildarstjóri grímueftirlits | 1 stöðugildi |

#### *Skrifstofa:*

|                |              |
|----------------|--------------|
| fjármálastjóri | 1 stöðugildi |
| launafulltrúi  | 1 stöðugildi |

*Reykjavík, 2. janúar 2018.*

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,  
**Jón Viðar Matthíasson** slökkviliðsstjóri.